

List



Áletraðir steinar

Á Vestureyjunni má finna þrjá jarðfasta steina með áletrunum. Ekki er í öllum tilvikum vitað hverjir voru þar að verki eða hver tilgangurinn var.

Áfangar

Í tengslum við Listahátíð 1990 var listaverkið Áfangar eftir bandaríska myndhöggvarann Richard Serra (f. 1939) reist á Vestureyjunni en eigandi þess er Listasafn Reykjavíkur. Serra er einn áhrifamesti myndhöggvari samtímans og er verkið gjöf hans til íslensku þjóðarinnar.

Áfangar er umhverfislistaverk sem leggur undir sig alla Vesturey og setur sterkan svip á ásýnd hennar og umhverfi. Listaverkið er úr stuðlabergi og vísar þannig til jarðsögu eyjarinnar og undirstrikar um leið órjúfanleg tengsl þess við umhverfi sitt.

Verkið samanstendur af níu súlnapörum úr stuðlabergi sem ramma inn nærliggjandi kennileiti eða áfangastaði. Súlnapörin eru þannig uppsett að önnur súlan stendur í níu metra hæð yfir sjó en hin stendur tíu metrum yfir sjávarmáli. Súlurnar eru þó jafnar að ofan því sú sem lægra stendur er fjórir metrar á hæð en hin hærri aðeins þrír metrar og jöfn hæð þeirra því þrettán metrar yfir sjávarmáli. Bilið á milli súlnanna ræðst svo af halla landsins sem þær standa á. Öll stuðlabergspörin eru sýnileg af hæsta punkti eyjunnar, sem er átján metrar yfir sjávarmáli.

Listaverkið Áfangar ber mörg einkenni minimalískrar myndlistar; margfalda endurtekningu sömu formanna, óxullausa samhverfu symmetríu, stærðfræðilega reglu og beinskeytt áhrif á nánasta umhverfi. Öll þessi atriði er gott að hafa í huga þegar verkið er skoðað, en þó eru þau

engin forsenda þess að umhverfis og listar verði notið á Vesturey. Stuðlabergspörin eru heillandi áningarstaðir þar sem list og náttúra renna saman í eina heild.

Friðarsúlan í Viðey

Friðarsúlan í Viðey er hugarfóstur myndlistarmannsins, tónlistarmannsins og friðarsinnans Yoko Ono og er hugsuð sem leiðarljós fyrir heimsfrið. Verkið er í formi „óskabrunns“, en upp úr honum stígur há og mikil ljóssúla. Orðin „Hugsa sér frið“ eru grafin í brunninn á 24 tungumálum. Ljóssúlan er samansett úr mismunandi geislum sem sameinast í einu sterku ljósi. Sex ljósgeislanna fara lárétt um göng á palli í kring um brunninn og er endurkastað upp á við með speglum. Þéttleiki ljóssins, sem stafar frá súlunni, er háður sífelldum breytingum á ögnum í andrúmsloftinu sem hegða sér í takt þá við margbreytilega veðráttu sem einkennir Ísland.

„Ég vona að friðarsúlan muni lýsa upp heitar óskir um heimsfrið hvaðanæva að úr veröldinni og veita hvatningu, innblástur og samstöðu í heimi þar sem nú ríkir ótti og ringulreið. Sameinumst um að gera friðsæla veröld að veruleika.“

– Yoko Ono

„Hugsa sér allt fólkið lifa lífinu í friði.“

- John Lennon

Frá því á síðustu öld hefur Yoko Ono safnað óskum fólks hvaðanæva að úr heiminum, sem hluta af venslaverki hennar Óskatré, sem hefur verið sýnt í söfnum og menningarmiðstöðvum víða um heim. Þessar óskir eru geymdar í tímahylkjum við friðarsúlu hennar í Viðey. Yoko Ono býður þér að bæta við óskum á www.imaginepeace.com eða með því að senda póst til:

IMAGINE PEACE TOWER

PO Box 1009

121 Reykjavík

Ísland

Mariúlíkneski

Árið 2000 var reist Mariúlíkneski á Kvennagönguhól til minningar um 1000 ára afmæli kristnitöku á Íslandi, en María mey var verndardýrlingur Viðeyjarklausturs.